

Nd.

189. Breyting og viðauki

við lög um hagfræðisskýrslur nr. 29, 8. nóv. 1905.

Frá nefndinni í verzlunar og atvinnulöggjöf.

1. gr.

Forstöðumenn fastaverzlana, lausakaupmenn, þar með taldir hrossakaupmenn og fjárkaupmenn, forstöðumenn kaupfélaga og pöntunarfélaga, og aðrir, er

vörur kaupa frá útlöndum, eða sem selja vöru eða sölu annast til útlanda, skulu skyldir til að láta hlutaðeigandi stjórnarvöldum í tje, sem nákvæmastar skýrslur um það, hverjar vörutegundir og hve mikið af hverri vörutegund þeir flutt hafi eða flytja látið til landsins, eða frá því, svo er þeim og skylt að skýra frá innkaupsverði innfluttrar vöru að viðbættum flutningskostnaði til landsins, og innkaupsverði innlendrar vöru, og tilgreina frá hverju landi vörunar eru keyptar, allt eptir því, sem eyðublöð þau greina og reglugjörðir, er landsstjórnin útgefur.

2. gr.

Skipaafgreiðslumenn, sem taka á móti farmskrám (Manifest) frá útlöndum, svo og kaupmenn, pöntunarfjölög, kaupfjölög og aðrir, sem taka á móti farmskrám, eða hleðsluskýrteinum (Conossement) í stað farmskrár yfir innfluttar vörur, sem skipaafgreiðslumenn taka ekki á móti, skulu frá ársbyrjun 1909 skyldir til að láta hlutaðeigandi lögreglustjóra í té staðfestan útdrátt úr þessum farmskrám, eða hleðsluskýrteinum, sem koma í farmskrár stað, yfir innfluttar vörur, er sýni nafn viðtakanda, nafn skipsins, er vörunar flutti, og stykkjatal, tegund, vigt eða teningsmál allra varanna, sem á farmskrá standa.

Útdráttinn úr farmskránum eða hleðsluskýrteinum, sem koma í þeirra stað, skal afhentur lögreglustjóra afhenda lögreglustjóra svo fljótt sem verða má og eigi síðar en við lok hvers árs, og varðar það sektum allt að 500 krónum, ef út af er brugðið.

3. gr.

Nú fylgir aðeins ein farmskrá skipi, sem flytur inn vörur að fleiri en einni höfn, og skal þá sá, er síðast veitir vörunum móttöku úr skipinu, afhenda lögreglustjóra útdráttinn úr farmskrá skipsins.

4. gr.

Svo skulu forstöðumenn fastra verzlana, pöntunarfélaga, kaupfélaga, iðnaðarfyrirtækja og aðrir, er reka lánsverzlun að meira eða minna leyti, skyldir til að láta landsstjórninni í té áreiðanlega skýrslu um samanlagðar skuldir og inneignir héraendra viðskiptamanna sinna, annara en banka, eins og þær eru 31. desember ár hvert.

Landsstjórnin annast um, að skýrslur þessar séu prentaðar ásamt öðrum hagfræðisskýrslum og skulu þær vera þannig, að aðeins sjáist samanlagðar skuldir og inneignir hvers kaupþúns eða kaupstaðar fyrir sig, án þess nokkurt verzlunar-nafn sje nefnt.

5. gr.

Landsstjórninni ber að annast um, að samin sé árlega skrá, er fylgi hagfræðisskýrslunum yfir aðfluttar vörur, yfir stykkjatölu, tegund, vigt eða teningsmál innfluttrar vöru, sundurliðaða eptir kaupþúnum og samanlagða.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara sem opinber lögreglumál.

7. gr.

Með lögum þessum er 5. gr. laga nr. 29 um hagfræðisskýrslur 8. nóvember 1905 úr lögum numin.